



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

## Umræðuskjal

nr. 2/2012

Drög að reglum um útreikning á aðlöguðu gjaldþoli váttryggingafélaga

Umræðuskjalið er sent váttryggingafélögum og Samtökum fjármálafyrirtækja og þeim gefinn kostur á að koma á framfæri umsögn vegna umræðuskjalsins eigi síðar en laugardaginn 31. mars nk. Skjalið er einnig birt á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins [www.fme.is](http://www.fme.is)

Gefin út samkvæmt 2. mgr. 8 gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi

13. febrúar 2012

## Inngangur

Samkvæmt 5. mgr. 29. gr. eldri laga nr. 60/1994 um váttryggingastarfsemi, með síðari breytingum, var viðskiptaráðherra veitt heimild til að setja reglugerð um útreikning á aðlöguðu gjaldpóli váttryggingafélaga, reglugerð nr. 954/2001. Reglugerðin var lögfesting á viðaukum við tilskipun 98/78/EB um viðbótareftirlit með váttryggingafélögum í váttryggingahópi. Viðauki I við tilskipun 98/78/EB veitir ákveðna valkosti um hvaða aðferðir einstök ríki heimila og ef fleiri en ein aðferð er heimil, hver þeirra sé staðalaðferð við útreikning aðlagaðs gjaldpóls og lágmarksgjaldpóls. Í reglugerðinni var farin sú leið að miða við Aðferð 2 í viðaukanum sem byggð er á frádrætti kröfu (requirement deduction method) sem staðalaðferð og aðrar aðferðir voru einungis heimilar í sérstökum tilvikum.

Reglur Fjármálaeftirlitsins nr. 920/2008 um viðbótareftirlit með fjármálasamsteypum tóku gildi 1. október 2008. Reglurnar lögfesta tilskipun 2002/87/EB um viðbótareftirlit með lánastofnunum, váttryggingafélögum og verðbréfafyrirtækjum sem eru hluti af fjármálasamsteypu. Sú tilskipun gerir einnig ráð fyrir hliðstæðum valkostum varðandi val á aðferð sem notuð er í útreikningi eiginfjárgrunns og lágmarksgjaldpóls fjármálasamsteypa. Sá munur er hins vegar að Aðferð 2 í tilskipun 98/78/EB er ekki heimil fyrir fjármálasamsteypur.

Við setningu regla um viðbótareftirlit með fjármálasamsteypum ákvað Fjármálaeftirlitið að gera Aðferð 1, sem byggir á samstæðureikningsskilum (consolidation method) í Viðauka I við tilskipun nr. 2002/87/EB, að staðalaðferð, [sjá inngang umræðuskjals Fjármálaeftirlitsins nr. 7/2007 um drög að reglum um viðbótareftirlit með fjármálasamsteypum varðandi rökstuðning](#). Við þá breytingu varð ósamræmi í aðferðum varðandi mat á fjárhagsstöðu fjármálasamsteypa annars vegar og váttryggingasamstæðna hins vegar.

Í athugasemdum með frumvarpi til laga um váttryggingastarfsemi segir um 6. mgr. 31. gr. að gert sé ráð fyrir að Fjármálaeftirlitið setji nýjar reglur um útreikning aðlagaðs gjaldpóls sem komi í stað gildandi reglugerðar, vegna þeirra ástæðna sem hér hafa verið raktar. Segir í athugasemdinni að reglur þessar munu gera ráð fyrir að sömu reglur gildi um viðbótareftirlit hvort sem váttryggingafélag er hluti af váttryggingasamstæðu eða fjármálasamsteypu. Sú samræming er mikilvæg þar sem til dæmis váttryggingasamstæða getur breyst í fjármálasamsteypu á skömmum tíma ef móðurfélag samstæðunnar kaupir lánastofnun eða verðbréfafyrirtæki.

Í ljósi þessa markmiðs 6. mgr. 31. gr. laga um váttryggingastarfsemi sem kemur fram í frumvarpi með lögnum eru þessi drög að reglum byggð upp með hliðstæðum hætti og reglur nr. 920/2008 um viðbótareftirlit með fjármálasamsteypum. Samkvæmt drögnum yrðu innleidd ákvæði tilskipunar 98/78/EB sem Fjármálaeftirlitið telur að hafi áður verið innleidd með ófullnægjandi hætti. Ákvæðin eru nauðsynleg til að Fjármálaeftirlitið geti sinnt

eftirlitshlutverki sínu með aðlöguðu gjaldþoli váttryggingafélaga eins og kveðið er á um í 1. mgr. 63. gr. laga um váttryggingastarfsemi.

Gert er ráð fyrir gildistöku reglnanna frá og með útgáfudegi þeirra. Óskað er eftir að umsagnir berist eigi síðar en 31. mars 2012.

Drög að reglum  
um útreikning á aðlöguðu gjaldþoli váttryggingafélaga.

I. KAFLI  
Almenn ákvæði

1. gr.  
*Skilgreiningar hugtaka.*

Í reglum þessum merkir:

1. *Váttryggingafélag:* Váttryggingafélag samkvæmt 2. gr. laga um váttryggingastarfsemi nr. 56/2010 auk váttryggingafélaga með starfsleyfi í löndum utan EES sem uppfylla skilgreiningu áður nefndrar lagagreinar.
2. *Móðurfélag:* Móðurfélag er félag sem uppfyllir eitt eða fleiri neðangreindra skilyrða:
  - a) á meirihluta atkvæða í öðru félagi,
  - b) er félagsaðili að öðru félagi og hefur rétt til að tilnefna eða víkja frá meirihluta stjórnar og framkvæmdastjórn þess,
  - c) er félagsaðili að öðru félagi og hefur rétt til ákvörðunarvalds um rekstur og fjárhagslega stjórn þess á grundvelli samþykka félagsins eða samninga við það,
  - d) er félagsaðili að öðru félagi og ræður yfir meirihluta atkvæða í því á grundvelli samnings við aðra hluthafa,
  - e) á eignarhlut í öðru félagi og hefur ákvörðunarvald um rekstur og fjárhagslega stjórn þess,Auk þess sem getur í 1. mgr. getur móðurfélag verið hvert það fyrirtæki sem að mati eftirlitsstjórnvalda, hefur í raun yfirráð í öðru fyrirtæki.
3. *Dótturfélag:* Félag sem er í raun undir yfirráðum annars félags á þann hátt sem lýst er í 2. tölulið Öll dótturfélög dótturfélaga skulu talin sem dótturfélög móðurfélagsins.
4. *Hlutdeild (Hlutdeildarfélag):* Eign í félagi, þó ekki dótturfélagi, sem annað félag og dótturfélög þess eiga verulegan eignarhlut í eða hafa myndað varanleg tengsl við í þeim tilgangi að hafa áhrif á rekstur þess. Slíkt félag telst hlutdeildarfélag. Félag er ávallt talið eiga verulegan eignarhlut ef það og dótturfélög þess eiga a.m.k. 20% eignarhlut beint eða óbeint (í hlutafé, stofnfé eða atkvæðisrétti) í öðru félagi.

5. *Hluteignarfélag*: Félag sem á annað félag að dótturfélagi eða hlutdeildarfélagi.
6. *Samstæða*: Hópur fyrirtækja sem samanstandur af móðurfélagi, dótturfélagi þess og þeim fyrirtækjum sem móðurfélagið eða dótturfélög þess eiga hlutdeild í auk fyrirtækja sem tengjast hvert öðru með tengslum sem um getur í liðum i. og ii. hér að neðan:
  - i. fyrirtæki og önnur fyrirtæki sem það tengist ekki, sem er stjórnað í sameiningu samkvæmt samningi við fyrirtækið eða samkvæmt ákvæðum í samþykktum fyrirtækjanna eða,
  - ii. meirihluti stjórnar eða stjórnenda fyrirtækisins og annarra fyrirtækja sem það tengist ekki, samanstandur af sömu einstaklingum á reikningsárinu.
7. *Náin tengsl*: Náin tengsl samkvæmt 20. tölul. 1 mgr. 9. gr. laga um váttryggingastarfsemi nr. 56/2010.
8. *Eftirlitsstjórnvöld*: Eftirlitsaðilar í aðildarríkjum EES sem falið er eftirlit með váttryggingafélögum, hvort heldur sem er með einstökum váttryggingafélögum eða á samstæðugrunni, á Íslandi Fjármálaeftirlitið.
9. *Aðildarríki*: Með aðildarríkjum er átt við þau ríki sem eru aðilar að samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði. Jafnframt falla undir hugtakið í reglum þessum þau ríki sem njóta sambærilegra réttinda samkvæmt alþjóðasamningum eins og mælt er fyrir um í lögum um váttryggingastarfsemi.
10. *Viðskipti innan samstæðu*: Hvers konar millifærslur þar sem váttryggingafélög innan samstæðu eru um efndir beint eða óbeint háð öðrum fyrirtækjum innan samstæðunnar eða einstaklingum eða lögaðilum sem mynda náin tengsl við fyrirtæki innan samstæðunnar, hvort sem millifærslurnar eru samkvæmt samningi eða ekki og hvort sem þær eru gegn greiðslu eða ekki.
11. *Sambjöppun áhættu*: Allar áhættur fyrirtækja innan samstæðu sem eru nægjanlega stórar til að ógna gjaldþoli eða almennri fjárhagsstöðu váttryggingafélaga innan samstæðunnar. Slíkar áhættur geta m.a. myndast vegna mótaðilaáhættu, fjárfestingaráhættu, váttryggingaáhættu, markaðsáhættu, annarrar áhættu eða samtvinnunar eða víxlverkunar milli þessara áhætta.

II. KAFLI  
**Viðbótareftirlit með váttryggingasamstæðu**

2. gr.

*Gildissvið viðbótareftirlits*

Eftirfarandi aðilar skulu lúta viðbótareftirliti:

- a) Váttryggingafélög sem eru hluteignarfélög annars váttryggingafélags.
- b) Váttryggingafélög sem eru dótturfélög eignarhaldsfélags á váttryggingasviði
- c) Váttryggingafélög sem eru dótturfélög blandaðra eignarhaldsfélaga á váttryggingasviði. Ekki er þó reiknað aðlagað gjaldþol slíkra félaga.

Viðbótareftirlit með váttryggingasamstæðu felur ekki í sér að eftirlitsstjórnvöldum beri skylda til þess að hafa eftirlit með starfsemi þeirri sem blönduð eignarhaldsfélög á váttryggingasviði, váttryggingafélög utan EES eða fyrirtæki innan váttryggingasamstæðu, sem ekki eru eftirlitsskyld, hafa með höndum.

Viðbótareftirlit skal taka til:

- a) Tengdra félaga váttryggingafélagsins
- b) Hluteignarfélaga váttryggingafélagsins
- c) Félaga sem eru dóttur- eða hlutdeildarfélög hluteignarfélags váttryggingafélagsins.

Halda má einstöku váttryggingafélagi utan viðbótareftirlits ef félagið er með höfuðstöðvar í ríki utan EES og lagalegar hindranir eru á því að afla nauðsynlegra upplýsinga til að reikna aðlagað gjaldþol. Sama á við ef félagið hefur óverulega þýðingu fyrir útreikninginn eða ef fjárhagsstaða þess gæfi villandi mynd miðað við markmið eftirlits með aðlöguðu gjaldþoli.

3. gr.

*Framkvæmd viðbótareftirlits.*

Fjármálaeftirlitið ber ábyrgð á viðbótareftirliti með váttryggingasamstæðum sem starfa eingöngu hér á landi eða þar sem móðurfélagið er váttryggingafélag með starfsleyfi hér á landi.

Hafi váttryggingafélög sem starfa í fleiri en einu aðildarríki sama móðurfélagið sem er váttryggingafélag utan EES, eignarhaldsfélag á váttryggingasviði eða blandað

eignarhaldsfélag á váttryggingasviði, koma eftirlitsstjórnvöld sér saman um hvert þeirra fer með viðbótareftirlit með samstæðunni.

4. gr.

*Gæði upplýsinga og aðgangur að upplýsingum.*

Váttryggingafélög sem lúta viðbótareftirliti skulu hafa til staðar innri ferla til að tryggja að fyrirliggjandi séu nauðsynlegar upplýsingar í viðbótareftirliti og vegna útreiknings aðlagaðs gjaldþols.

5. gr.

*Viðskipti innan samstæðu*

Fjármálaeftirlitið fer með eftirlit með viðskiptum innan samstæðu í samræmi við 3. mgr. 63. gr. laga nr. 56/2010 um váttryggingastarfsemi.

Bendi upplýsingar, sem Fjármálaeftirlitið aflar samkvæmt áður nefndu ákvæði, til að gjaldþol váttryggingafélags sé eða geti verið í hættu, skal Fjármálaeftirlitið grípa til viðeigandi aðgerða í samræmi við 86. gr. laga um váttryggingastarfsemi.

III. KAFLI

**Útreikningur aðlagaðs gjaldþols og lágmarksgjaldþols þegar hluteignarfélag er váttryggingafélag**

6. gr.

*Mat á eignarhlutum í dóttur- og hlutdeildarfélögum*

Taka skal hlutfallslega tillit til eignarhluta hluteignarfélagsins í dóttur- og hlutdeildarfélögum. Með því er átt við sama hlutfall og eignarhlutur er skilgreindur í samstæðuuppgjöri samstæðunnar.

Ef dótturfélag er váttryggingafélag sem ekki uppfyllir lágmarkskröfur um gjaldþol skal draga frá eignarhlut móðurfélagsins fjárhæð sem samsvarar eignarhlut minnihlutaeiganda í því sem vantar upp á að gjaldþol sé fullnægjandi. Fjármálaeftirlitið getur veitt undanþágu frá ákvæði þessarar málsgreinar telji það að ábyrgð móðurfélags sé skýrt og ótvírætt takmörkuð við hlutafjáreignina.

Ef ekki eru fjárhagsleg eignatengsl á milli váttryggingafélaga í samstæðu skal Fjármálaeftirlitið ákveða við hvaða eignarhlut er miðað.

7. gr.

*Lækkun aðlagaðs gjaldþols vegna tví- eða margnýtingar eignaliða*

Við útreikning á aðlöguðu gjaldþoli skal draga eftirfarandi eignir samstæðunnar frá gjaldþoli, hafi þær ekki þegar verið dregnar frá í samstæðuuppgjöri:

- 1 a) Eignir hluteignarfélags sem notaðar eru til að fjármagna liði sem mæta gjaldþoli dóttur- eða hlutdeildarfélags,
- 2 b) Eignir dóttur- og hlutdeildarfélags sem notaðar eru til að fjármagna liði sem mæta gjaldþoli hluteignarfélags,
- 3 c) Eignir dóttur- og hlutdeildarfélaganna sem notaðar eru til að fjármagna liði sem mæta gjaldþoli annars dóttur- eða hlutdeildarfélags.

Óinnborgað hlutafé í dóttur- og hlutdeildarfélögum getur aðeins myndað hluta gjaldþols í viðkomandi dóttur- eða hlutdeildarfélagi. Óinnborgað hlutafé, sem hugsanlega skuldbindur hluteignarfélagið skal ekki talið með. Óinnborgað hlutafé í hluteignarfélagi skal ekki talið til gjaldþols ef það skuldbindur dóttur- eða hlutdeildarfélag sem er váttryggingafélag. Óinnborgað hlutafé í dóttur- eða hlutdeildarfélagi skal ekki talið með ef það skuldbindur annað dóttur- eða hlutdeildarfélag séu bæði félögin váttryggingafélög.

Telji Fjármálaeftirlitið að eignir sem fjármagna gjaldþol dóttur- eða hlutdeildarfélags sem er váttryggingafélag, séu ekki tiltækar til að fjármagna gjaldþol hluteignarfélagsins, þá má aðeins telja þessar eignir í aðlöguðu gjaldþoli í þeim mæli sem þær fjármagna hluta af gjaldþoli dóttur- eða hlutdeildarfélags.

Samtala liða skv. 2. og 3. mgr. má ekki vera hærri en lágmarksgjaldþol viðkomandi dóttur- eða hlutdeildarfélags.

## 8. gr.

*Lækkun gjaldþols vegna gagnkvæmrar fjármögnunar*

Ekki skal telja til aðlagaðs gjaldþols eignir sem verða til við gagnkvæma fjármögnun váttryggingafélagsins, sem verið er að reikna aðlagað gjaldþol fyrir sbr. 2. gr., og dóttur- eða hlutdeildarfélags, hluteignarfélags váttryggingafélagsins eða annars hlutdeildar- eða dótturfélags hluteignarfélags váttryggingafélagsins.

Ekki skal telja til aðlagaðs gjaldþols eignir hlutdeildar- og dótturfélaganna sem myndaðar eru með gagnkvæmri fjármögnun við annað hlutdeildar- eða dótturfélag.

Gagnkvæm fjármögnun telst það meðal annars að eitt félag eigi hlutafé í öðru félagi eða kröfu á það, en það félag eigi eignir sem teljist til gjaldþols fyrra félagsins.



## 9. gr.

*Útreikningur aðlagaðs gjaldpols vegna dóttur- og hlutdeildarféлага hluteignarfélags*  
Sé dóttur- eða hlutdeildarfélag, sem er váttryggingafélag, einnig hluteignarfélag váttryggingafélags skal reikna aðlagað gjaldpól fyrir fyrrnefnda váttryggingafélagið.

Fjármálaeftirlitið getur veitt undanþágu frá 1. mgr. ef viðkomandi váttryggingafélög hafa bæði starfsleyfi gefið út hér á landi og fyrrnefnda váttryggingafélagið er tekið með við mat á aðlöguðu gjaldpóli hluteignarfélagsins.

Einnig má veita undanþágu frá 1. mgr. þegar fyrrnefnda félagið lýtur eftirliti eftirlitsstjórnvalds í öðru aðildarríki, enda hafi eftirlitsstjórnvöld komist að samkomulagi um að Fjármálaeftirlitið, sem eftirlitsstjórnvald hluteignarfélagsins annist viðbótareftirlit með samstæðunni.

Forsenda þess að veitt sé undanþága frá skyldu til þess að reikna aðlagað gjaldpól er að Fjármálaeftirlitið og viðkomandi eftirlitsstjórnvöld telji að eignir sem fjármagna gjaldpól skiptist eðlilega á þau fyrirtæki sem koma við sögu.

Sé dóttur- eða hlutdeildarfélag skv. 1. mgr. með starfsleyfi útgefið í öðru aðildarríki getur Fjármálaeftirlitið heimilað að aðlagað gjaldpól vegna þess félags sé metið samkvæmt aðferðum eftirlitsstjórnvalds aðildarríkisins.

Sé dóttur- eða hlutdeildarfélagið með starfsleyfi í ríki utan EES skal reikna aðlagað gjaldpól eins og um váttryggingafélag með starfsleyfi í aðildarríki sé að ræða. Telji Fjármálaeftirlitið að gjaldpolsreglur viðkomandi ríkis séu sambærilegar því sem þekkist innan EES getur það heimilað að mat á aðlöguðu gjaldpóli og eignir sem fjármagnað getað gjaldpól séu í samræmi við reglur þess ríkis. Heimilt er Fjármálaeftirlitinu í þessu skyni að vísa til álits annarra aðildarríkja eða stofnana EES á váttryggingamarkaði.

## 10. gr.

*Dóttur- eða hlutdeildarfélag sem eru eignarhaldsfélög á váttryggingasviði.*

Við útreikning aðlagaðs gjaldpols dótturfélags, sem er hluteignarfélag váttryggingafélags í gegnum eignarhaldsfélag á váttryggingasviði, skal reikna með fjárhagsstöðu eignarhaldsfélagsins. Líta skal á eignarhaldsfélagið eins og það væri váttryggingafélag og skal aðlagað gjaldpól þess ekki vera lægra en 0.

## 11. gr.

*Skortur á upplýsingum um erlend félög.*

Hafi Fjármálaeftirlitið ekki aðgang að upplýsingum sem eru nauðsynlegar til þess að reikna aðlagað gjaldpól og varða dóttur- eða hlutdeildarfélag í öðru ríki, hvort sem það ríki er aðili að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið eða ekki, þá skal

draga bókfært virði þess félags frá liðum sem geta verið hluti af gjaldþoli. Ekki má telja með dulinn hagnað af slíkri hlutdeild sem hluta af gjaldþoli.

## 12. gr.

*Aðferð við mat á aðlöguðu gjaldþoli og lágmarksgjaldþoli*

Aðlagað gjaldþol samstæðu eru þær eignir samkvæmt samstæðuuppgjöri sem nýta má til fjármögnunar gjaldþols, sbr. 6.-10. gr.

Lágmark aðlagaðs gjaldþols samstæðu er annað hvort samanlagt lágmarksgjaldþol hluteignarfélagsins og hlutfallslegrar hlutdeildar þess í lágmarksgjaldþoli dóttur- og hlutdeildarféлага eða lágmarksgjaldþol reiknað fyrir samstæðureikning í samræmi við 32.-34. gr. laga nr. 56/2010 um váttryggingastarfsemi.

## 13.gr.

*Aðrar aðferðir við mat á aðlöguðu gjaldþoli og lágmarksgjaldþoli*

Starfi váttryggingasamstæða í öðrum ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins getur Fjármálaeftirlitið í samráði við önnur eftirlitsstjórnvöld heimilað að 11. gr. um mat á aðlöguðu gjaldþoli og lágmarksgjaldþoli eigi ekki við. Samhliða skal ákvarða að við útreikning aðlöguðu gjaldþoli eða lágmarksgjaldþoli sé notuð aðferð 1 eða aðferð 2 í 3. kafla viðauka I við tilskipun 98/78/EB.

## IV. KAFLI

**Útreikningur aðlagaðs gjaldþols og lágmarksgjaldþols þegar hluteignarfélag er eignarhaldsfélag á váttryggingasviði eða váttryggingafélag í ríki utan EES**

## 14. gr.

*Mat á aðlöguðu gjaldþoli og lágmarksgjaldþoli*

Þegar hluteignarfélag váttryggingafélags er eignarhaldsfélag á váttryggingasviði eða váttryggingafélag með starfsleyfi í ríki utan EES skulu ákvæði III. kafla þessara reglna gilda eins og hluteignarfélagið væri váttryggingafélag með starfsleyfi í aðildarríki að breyttu breytanda.

Sé móðurfélag váttryggingafélags eignarhaldsfélag á váttryggingasviði skal aðlagað gjaldþol þess ekki vera lægra en 0.

Sé hluteignarfélag váttryggingafélags váttryggingafélag með starfsleyfi í ríki utan EES, skal útreikningur aðlagaðs gjaldþols vera í samræmi við ákvæði 6. mgr. 9. gr.

## 15. gr.

*Undanþága frá útreikningi aðlagaðs gjaldþols*

Fjármálaeftirlitið getur heimilað undanþágu frá útreikningi aðlagaðs gjaldþols vegna váttryggingafélags í eftirfarandi tilvikum:

- a) þegar váttryggingafélagið er dóttur- eða hlutdeildarfélag annars váttryggingafélags sem reiknað hefur verið aðlagað gjaldþol fyrir samkvæmt þessum kafla.
- b) þegar váttryggingafélagið og eitt eða fleiri önnur váttryggingafélög með starfsleyfi hér á landi eru dótturfélög eignarhaldsfélags á váttryggingasviði eða váttryggingafélags með starfsleyfi í ríki utan EES, og váttryggingafélagið er tekið með í útreikningi aðlagaðs gjaldþols vegna eins hinna váttryggingafélaganna.
- c) þegar váttryggingafélagið og eitt eða fleiri váttryggingafélög með starfsleyfi í öðrum aðildarríkjum eru dótturfélög eignarhaldsfélags á váttryggingasviði eða váttryggingafélags með starfsleyfi í ríki utan EES, og samkomulag er um að annað aðildarríki fari með viðbótareftirlitið í samræmi við 2. mgr. 3.

## V. KAFLI

**Ófullnægjandi aðlagað gjaldþol**

## 16. gr.

*Samstarf milli lögbærra yfirvalda á Evrópska efnahagssvæðinu.*

Sé aðlagað gjaldþol ekki í samræmi við kröfur III. eða IV. kafla þessara reglna skal Fjármálaeftirlitið grípa til aðgerða gagnvart því váttryggingafélagi sem reiknað er aðlagað gjaldþol fyrir, í samræmi við 86. gr. laga nr. 56/2010 um váttryggingastarfsemi.

## VI. KAFLI

**Hæfi stjórnenda eignarhaldsfélags á váttryggingasviði**

## 17. gr.

Stjórnarmenn og framkvæmdastjóri eignarhaldsfélags á váttryggingasviði skulu uppfylla hæfiskröfur 54. gr. laga nr. 56/2010 um váttryggingastarfsemi.

## VII. KAFLI

**Gildistaka**

## 18. gr.

Reglur þessar eru settar með heimild í 6. mgr. 31. gr. laga um váttryggingastarfsemi.

Reglur þessar öðlast þegar gildi.